

Hafnarfirði, 15. nóvember 2019

Svar við fyrirspurn Samfylkingarinnar sem lögð var fram á fundi fjölskylduráðs 25.10.2019 er varðar íbúðir fyrir fatlað fólk.

1. Hversu margir einstaklingar eru á biðlista eftir húsnæði fyrir fatlað fólk í Hafnarfirði?

a. Hversu margir á biðlistanum teljast í brýnni þörf eftir húsnæði?

Svar:

Staða búsetu	Fjöldi
Tilbúnir að flytja í dag	37
Ekki tilbúnir að flytja í dag en á næstu árum	6
þarf að skoða nánar	1
Samtals	44

b. Hver er meðalbiðtími fólks á biðlistanum eftir húsnæði?

Svar: Meðal biðtími eru 5,5 ár.

2. Hversu margar íbúðir fyrir fatlað fólk eru á framkvæmdastigi í Hafnarfirði í dag?

Svar um þá íbúðakjarna sem eru á áætlun:

Þjónustukjarnar	Fjöldi íbúa	Staða máls
Arnarhraun 50	6	Verður tilbúið í upphafi árs 2020
Öldugata 45	2 af biðlista + 4 frá Einibergi	Framkvæmdir farnar af stað. Húsnæði líklega tilbúið 2021 eða fyrr.
Vinabær – Stuðlaskarð 2	6	Búin að vinna þau gögn og samninga sem hægt er að vinna og teikningar eru komnar. Næsta skref er húsbyggjanda að sækja um til Íbúðalánasjóðs þegar opnað verður fyrir umsóknir um stofnframlög.
Heimili í Sveit	2 frá Hafnarfirði	Samstarfsverkefni með öðrum sveitarfélögum við sjálfseignarfélag. Tímabundin eða framtíðar heimili. Markmið að hjálpa viðkomandi að brjóta upp neikvætt munstur í atferli. Staðsett í Kjós.
Næsti Kjarni	6	Búið að tryggja lóð á Smyrlahrauni.
Samtals:	22 af biðlista	



3. Hversu margar íbúðir fyrir fatlaða fólk voru byggðar í Hafnarfirði á sl. fjórum árum? Óskað er sundurliðunar eftir árum, þ.e.

Svar:

Ekki er vitað hve margar félagslegar íbúðir fóru til fatlaðs fólks á þessum árum. En það hefur verið töluverð hreyfing af biðlistanum þar sem fleiri hafa fengið úthlutað félagslegu húsnæði en fyrri ár.

a. 2016

- *Klukkuvellir í byggingu. Sex íbúar fluttu inn í ágúst og september árið 2016.*

b. 2017

- *Enginn kjarni í byggingu, en grunn vinna í gangi við nokkra kjarna.*
- *Fjölgun félagslegs húsnæðis hjálpaði til við að koma hreyfingu á biðlistann.*

c. 2018

- *Enginn kjarni í byggingu, en grunn vinna í gangi s.s. Lóðamál, viðræður, teikningar útboð o.fl.*
- *Áframhaldandi fjölgun félagslegs húsnæðis hjálpaði fötluðu fólki að fá húsnæði.*

d. 2019

- *Unnið að húsbýggingu við Arnarhraun 50.*
- *Vinna vegna annarra kjarna heldur áfram s.s. Lóðamál, viðræður, teikningar útboð o.fl.*
- *Áframhaldandi fjölgun félagslegs húsnæðis hjálpaði fötluðu fólki að fá félagslegt húsnæði.*

Hrönn Hilmarsdóttir

Deildarstjóri þróunar og reksturs í málefnum fatlaðs fólks.